


Æskan svitni einu sinni á dag!

Í drögum að nýrri [Íþróttastefnu](#) menntamálaráðuneytis, sem nú er til kynningar og athugasemda, kemur fram að hreyfingarleysi færast stöðugt í aukana í heiminum og að við blasi alvarlegur lýðheilsuvandi sem mikilvægt er að takast á við. Í stefnunni eru sett fram metnaðarfull markmið um að íslensk börn hreyfi sig daglega sér til heilsuþótar og ánægju.

Samkvæmt tölum frá [Rannsóknun og greiningu](#) sem birtar eru í skýrslu um Íþróttastefnu hefur nemendum í 9. og 10. bekk grunnskóla sem stunda Íþróttir hjá Íþróttafélögum fjölgað úr 40,3% árið 1992 í 47,6% árið 2004. Heldur virðist þó hafa dregið úr þeirri aukningu undanfarin ár og bilið milli þeirra sem stunda Íþróttir af krafti og þeirra sem fara sér hægjar eða hreyfa sig lítið aukist.

Samkvæmt tölum frá ÍSÍ um Íþróttaiðkun innan sérsambanda þess er knattspyrnan vinsælust hjá báðum kynjum. Fimleikar, körfubolti, handknattleikur og frjálssar Íþróttir fylgja þar á eftir en kynjaskipting er nokkuð ójöfn milli Íþróttagreina.

Ef horft er til þess hvar líklegast er að börn hreyfi sig þá er knattspyrnan efst á blaði. Þar hafa konur sótt í sig veðrið á undanföllum árum en hlutfall kvenna meðal þeirra sem stunda knattspyrnu var 32% 2004 en 28% árið 2000.



Viðbótarnám í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði fyrir grunnskólakennara

Menntamálaráðuneyti hefur sett fram 15 eininga námstilboð fyrir grunnskólakennara í greinabundnu viðbótarnámi í stærðfræði, ensku, dönsku og íslensku. Fyrstu hópar grunnskólakennara hafa hafið námið í stærðfræði, ensku og dönsku. Gert er ráð fyrir að næstu hópar í þessum námsgreinum hefji nám á skólaárinu 2006 - 2007.

Í maí 2006 hefst viðbótarnám í íslensku fyrir grunnskólakennara. Námið verður með eftirfarandi hætti:


- Aðfaranám, maí 2006. Áhersla á aðalnámskrá. Meðal annars verður farið yfir drög að aðalnámskrá og nemendum kynnt kennsluumhverfi á vef. Staðbundnar lotur verða haldnar í öllum landsfjórðungum og þeim fylgt eftir með fjarnámi: 19. og 20. maí á Akureyri og í Reykjavík. 26. og 27. maí á Ísafirði og Egilsstöðum.
- Aðfaranám, haust 2006. Meðal annars verður hugað að undirbúningi háskólanáms og rætt um kennsluaðferðir og -tækni.
- Viðbótarnám, 2007-2009. Þátttakendur geta valið námskeið í íslensku í Kennaraháskóla Íslands, Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri eða Háskólanum í Reykjavík og stundað þau í **fjarnámi**.

Umsóknir um þátttöku berist í síðasta lagi 28. apríl 2006 til Símenntunarstofnunar

Kennaraháskóla Íslands sem hefur umsjón með skráningu og þátttöku. Upplýsingar um skráningu og námið er á vef Símenntunar: <http://simeennt.khi.is> og í síma 563 3980

Menntamálaráðherra með flestar fyrirspurnir á Alþingi

Menntamálaráðherra hefur á yfirstandandi þingi svarað 49 fyrirspurnum, 8 skriflega og 41 munnlega. Samtals hafa ráðherrar svarað 197 fyrirspurnum um hin ýmsu mál. Samkvæmt þessu hefur menntamálaráðherra fengið 25% af fyrirspurnum þingmanna til sín. 104 fyrirspurnum er enn ósvarað og af þeim eru 11 beint til menntamálaráðherra. Hægt er að skoða fyrirbyggjandi fyrirspurnir á [alþingisvefnum](#).



Fundur samtaka skólastjórnenda, ICP

Samtök skólastjórnenda, International Confederation of Principals (ICP), hélt ársfund sinn þann 3. apríl sl. Markmiðið með starfsemi ICP er að styrkja tengsl skólastjórnenda um allan heim til að efla fagmennsku í skólastjórnun og stuðla að skólastarfi sem byggir á mannúð og skilningi milli ólíkra menningarheima.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra ávarpaði ársfundinn og einnig voru flutt fræðsluerindi um skólastjórnun og skólamála. Þar var m.a. fjallað um uppbyggingu samskiptakerfis á netinu til greiðari miðunar upplýsinga milli þátttökulandanna. Auk ráðstefnunnar heimsóttu fundarmenn grunn- og framhaldsskóla landsins.

Samtök skólastjórnenda, ICP, voru stofnuð árið 1990 en Íslendingar gerðust aðilar að samtökunum árið 1996. Á ársfundinum hér á landi voru 60 þátttakendur frá 23 þjóðlöndum víðs vegar að. Alls eiga um 135.000 skólastjórnendur aðild að samtökunum. Félag íslenskra framhaldsskóla annaðist skipulagningu fundarins á Íslandi. Vefur samtakanna er www.icponline.org.

Nám að loknum grunnskóla

Út er komið ritið *Nám að loknum grunnskóla*. Tilgangur ritsins er að kynna námsbrautir framhaldsskólastigsins svo og námsframboð og þjónustu einstakra framhaldsskóla. Í ritinu eru einnig upplýsingar um skilyrði um námsárangur við lok grunnskóla sem gilda um inntöku á einstakar námsbrautir auk annarra hagnýtra upplýsinga. Ritið er aðgengilegt á [vef](#) ráðuneytisins.

